

Athugið!

Næsti Pési kemur út
12. mars. Efni þarf að
berast fyrir **7. mars.**



Mikil uppbygging framundan á Flúðum

Samkomulag um uppbyggingu á vegum Greenhouse Spa á Flúðum var undirritað á milli fyrirtækisins og Hrunamannahrepps á dögunum en svæði fyrir ferðapjónustutengda starfsemi hafði áður verið auglýst laust til úthlutunar.

Með samkomulaginu er fyrirtækinu úthlutað svæði við Litlu Laxá, í miðbæ Flúða, til uppbyggingar fjölbreyttrar ferðapjónustu.

Á umræddu svæði var áður garðyrkjustöð og hyggjast forsvarsmenn Greenhouse spa nýta sér þau gróðurhús sem eru á svæðinu í rekstrinum en öll hönnun miðar að því að gestir geti notið þess að heimsækja gróðurhús og átt í þeim afslappandi gæðastundir án tillits til veðurs.

Að sögn Torfa G. Yngvasonar, forsvarsmanns Greenhouse Spa, er ætlunin að þarna muni skapast ferðamannastaður sem nýtir þá miklu orku sem til staðar er í Hrunamannahreppi. Fjöldi gufubaða og heitra lauga mun einkenna staðinn sem nýta mun til fulls það fallega umhverfi sem er þarna allt um kring. Einnig er gert ráð fyrir veitingahúsi, ferðamannaverslun, beint frá býli verslun og annarri ferðatengdri þjónustu.

Punktur frá sveitarstjóra í febrúar

Þó að vetur konungur hafi minnt rækilega á sig að undanförunu þá eru núna langþráð hlýindi á leið til landsins og mikið væri nú gott ef snjóinn tæki upp svo lífið yrði aðeins einfaldara en það hefur verið. Sífelldur snjómokstur og áhyggjur af veðurfari þyngir tilveru margra svo um munar og því er gott að hugsa til þess að með hverjum deginum hækkar sól á lofti og það styttist í vorið.



Vinna við undirbúning sumarverkanna er löngu hafin hjá sveitarfélaginu en mjög margt er fram undan.

Unnið er að því að teikna upp rýmið sem á að hýsa líkamsræktina sem nú er á loftinu í íþróttahúsinu. Vonum við að hægt verði að hefja framkvæmdir strax og skóla lýkur í vor. Einnig er nú unnið að því að hanna efri og neðri hæð félagsheimilisins en ætlunin er að ráðhúsið flytji yfir í félagsheimilið og verði þar bæði á efri og neðri hæð í góðu sambýli með bókasafninu þar sem yrði afgangið ráðhússins auk þess að vera nokkurs konar upplýsingamiðstöð og viðkomustaður íbúa.

Breytingar á Seyruverkefninu

Breytingar hafa orðið á starfsemi Seyruverkefnisins en nú hefur UTU, Umhverfis og tæknisvið Uppsveitanna, sem staðsett er á Laugarvatni tekið að fullu yfir reksturinn og mun framvegis sinna öllum þeim verkum sem unnin voru áður af starfsmönnum áhaldahúss og ráðhússins. Þetta er heilmikil breyting sem vonandi verður farsæl en Seyruverkefnið fæddist hér í Hrunamannahreppi og var drifið áfram af eldmóði og áhuga þeirra sem áttu þessa góðu hugmynd. Þeir sem ekki þekkja til verkefnisins eru hvattir til að kynna sér það nánar á heimasíðunni: www.seyra.is

Spennandi verkefni fram undan

Það er gaman að fylgjast með þeirri vinnu sem nú á sér stað hjá forsvarsmönnum Greenhouse spa ehf en fyrirtækið hyggur á uppbyggingu á skemmtilegri ferðabjónustu á svæðinu þar sem áður var Garðyrkjustöðin Laxárhlið. Það er ljóst að þegar verkefnið verður að veruleika mun það breyta miklu fyrir Flúðir og Hrunamannahrepp og án vafa mun komum ferðamanna fjölga mikið. Slíkt gefur ómæld tækifæri á alls konar verkefnum og starfsemi sem Hrunamenn munu vonandi ná að fylgja eftir og njóta.

Utanvegahlaup og Einar Jónsson

Í Kerlingarfjöllum verður í sumar blásið til utanvegahlaups í hinni stórfenglegu fegurð fjallanna og má strax finna eftirvæntingu hjá hlaupurum vegna þessa. Er ekki að efa að fljótt mun verða uppselt í þetta hlaup, slíkur er áhuginn. Svo má ekki gleyma að minnst á að í ár eru 150 ár liðin frá fæðingu Einars Jónssonar, myndhöggvara frá Galtafelli en einnig eru í ár 70 ár frá andláti hans. Einar er einn fremsti listamaður Þjóðarinnar og því er vel við hæfi að minnst hans í ár með veglegum hætti hér í Hrunamannahreppi þar sem hann ólst upp, dvaldi löngum stundum og sótti innblástur að mörgum verka sinna. Sumarhús hans stendur enn, friðað, í Galtafelli. Þjóðminjavörður heimsótti okkur síðastliðið sumar ásamt starfsfólki Þjóðminjasafnsins til að skoða húsið en gaman væri ef því yrði gert hærra undir höfði nú þegar við minnumst þess að 150 ár eru liðin frá fæðingu Einars Jónssonar.

Munum eftir Hjónaballinu

Fram undan er svo helsta skemmtun Hrunamanna, sjálft Hjónaballið, sem haldið verður laugardaginn 2. mars nk. Vil ég hvetja alla til að tryggja sér miða í tíma því af þessari skemmtun vill maður ekki missa.

*Með von um sól og gleði í sinni,
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri*

FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.



BÓTARÉTTUR

- þú færð þitt



botarettur.is

BIFREIÐASTJÓRI ÓSKAST

Vöndul ehf vantar bifreiðastjóra til aksturs flutningabíla sem dreifa vörum frá Flytjanda Selfossi í uppsveitir Árnessýslu.

Um er að ræða kassabíla og dráttarbíla.

Frekari upplýsingar í síma 856 1580 (Unnar).




Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND



Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14
845 Flúðir

flight@simnet.is
Sími 699 0757



Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is

VORDÆGUR 2024



DAGSETNINGAR

**8. - 13. APRÍL (AUKA VÍKA), 22. - 27. APRÍL OG
29. APRÍL - 4. MAÍ (FULLBÓKAÐ)**

INNIFALIÐ:

GISTING Í 5 NÆTUR

FJÖLBREYTTUR MORGUNVERÐUR

LÉTTUR HÁDEGISVERÐUR

TVEGGJA RÉTTA KVÖLDVERÐUR

LÉTT MORGUNLEIKFIMI

SKOÐUNARFERÐ UM MÝVATNSSVEIT

SKOÐUNARFERÐ TIL HÚSAVÍKUR

AÐGANGUR AÐ HEITUM POTTUM,
SAUNA, POOLBORÐI OG PÍLUSPJALDI

FÉLAGSVIST, BOCCIA, BINGÓ OG MARGT FLEIRA

UM VORDÆGUR:

FYRIR KÁTT FÓLK 60 ÁRA OG ELÐRA

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI TIL AÐ GLEÐJAST OG
KYNNAST NÝJU FÓLKI VÍÐSVEGAR AF LANDINU,
AUK ÞESS AÐ LÁTA STJANA VIÐ SIG

Á KVÖLDIN VERÐUR SPILAÐ, SUNGIÐ,
DANSAÐ OG SAGÐAR SÖGUR

SKEMMTANASTJÓRI ER
SIGURÐUR TRYGGVASON FRÁ LUNDI

MORGUNLEIKFIMIN ER Í UMSJÓN ÁSTU PRICE

MÝVETNINGARNIR, JÓNAS HELGASON OG
ÞÓRODDUR ÞÓRODDSSON FRÁ GRÆNAVATNI
ÁSAMT STEINÞÓRI ÞRÁINSSYNI FRÁ
SKÚTUSTÖÐUM SJÁ UM LEIDSÖGN

VERÐ 98.500 KR
Á MANN

**BÓKANIR FARA Í GEGNUM ÁSDÍSI JÓHANNESDÓTTIR Í SÍMA 861-0274
EÐA SENDA PÓST Á NETFANG HENNAR ASDIS@MYVATN.IS**

Ásborg Arnþórsdóttir lætur af störfum

Ásborg Arnþórsdóttir hefur nú látið af störfum sem ferðamálafulltrúi fyrir sveitarfélögin í Uppsveitum Árnessýslu, Grímsnes- og Grafningshrepp, Bláskógabyggð, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Í tilefni tímamótanna hittust oddvitar og sveitarstjórar sveitarfélaganna með Ásborgu og Línu Tryggvadóttur sem tekið hefur við starfi Ásborgar með nokkuð breyttum áherslum þó.



Í kveðjuhófinu kom berlega í ljós sá hugur sem hópurinn ber til Ásborgar en hún er kvödd eftir áralangt óeigingjarnt starf í þágu svæðisins með miklu þakklæti fyrir vel unnin störf.

Hleðslustöðvar í miðbæinn

Fjórar öflugar hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla (allt að 160kW) verða settar upp á vormánuðum í miðbæ Flúða eftir að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti samning þar um í síðustu viku við fyrirtækið Instavolt Iceland ehf. Með uppsetningu stöðvanna er brugðist við þeirri aukningu á umferð sem orðið hefur á undanförunum árum í gegnum Flúðir og þeirri þörf sem bæði heimamenn sem og ferðamenn hafa fyrir þjónustu sem þessa.



Að sögn sveitarstjóra, Aldísar Hafsteinsdóttur, hefur umferð aukist mjög í gegnum sveitarfélagið með bættum vegi frá Gullfossi yfir Brúarhlöð og í gegnum Flúðir og ljóst að með frekari uppbyggingu bæði á Flúðum og í nágrenninu, til dæmis í Þjórsárdal, mun umferð enn aukast. Hrunamenn telja því að með mikilli fjölgun rafbíla sé nauðsynlegt að bregðast við með fjölgun hleðslustöðva og þá sérstaklega á vinsælum viðkomustöðum eins og Flúðum.



Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf
Beðahreinsun - Garðsláttur
Garðaúðun - Trjáklippingar
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufæðingur

Sími 858 3399
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



Sundlaugin á Flúðum

Vetraropnun

16. ágúst - 31. maí

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga
kl. 16:00 - 20:30

Einnig opið mánu- og fimmtudaga frá
kl. 06:00 - 09:00 (að öðru leyti lokað á
fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga
kl. 13:00 - 18:00.

Árskort sem gilda í sundlauginna,
íprótta- og tækjasalinn eru á mjög
hagstæðu verði, aðeins 16.000 kr.
Minum á að hjá flestum stéttar-
félögum er hægt að sækja um styrk.

Danskir nemendur í heimsókn í Flúðaskóla

Mánudaginn 5. febrúar tóku nemendur í 10. bekk Flúðaskóla á mótí jafnöldrum sínum frá Holbæk Lille-skole í Danmörku. Þau hafa unnið saman að verkefninu Slam! sem hlaut styrk frá Nordplus Junior og eru nú langt komin með að leggja lokahönd á það. Verkefnið er viðamikilið og hefur verið skemmtilegt, áhugavert og lærdómsríkt. Nánar um það í vor.



Svona samstarf kallar á aðkomu margra og hefur verið aðdúunarvert að finna til stuðnings og samvinnu heimila nemenda í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi þegar gestirnir fengu heimboð og voru sóttir og keyrðir til baka á Flúðir.

Hrunamannahreppur og ýmsar stofnanir sveitarfélagsins hafa einnig sýnt okkur frábæran stuðning. Gestirnir hafa haft aðgang að baðaðstöðu Flúðalaugar og íþróttahússins og jafnframt gistu þau í Félagsheimili Hrunamanna þar sem þau nýttu stóran hluta hússins sér að kostnaðarlausu.

Flúðaskóli þakkar kærlega fyrir þann hlýhug og vináttu sem samfélagið hefur sýnt nemendum og gestum.

**Staða skrifstofustjóra
Hrunamannahrepps
er laus til umsóknar**


Nánari upplýsingar á www.fludir.is

The banner features a green and white logo on the left, which consists of a shield with a white cross and a green mountain peak above it. The background of the banner is a scenic view of a town with houses and a river, set against a backdrop of rolling hills and mountains under a cloudy sky. The text is in a bold, sans-serif font, and the bottom of the banner has a dark blue background with white text.

Bókasafn Hrunamanna

Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu. Rafbókasafnið (www.rafbokasafnid.is) er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa.

Alltaf er hægt að hafa samband á netfangið bokasafn@fludir.is eða senda skilaboð í gegnum Facebook-síðu Bókasafns Hrunamanna.



Bókasafnið er opið:

Þriðjudaga kl. 9-12
heitt á könnunni

Þriðjudagskvöld kl. 18-20

Miðvikudaga kl. 16-18

BÓKASAFN HRUNAMANNA

Félagsheimilinu, 2. hæð

Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook

bokasafn@fludir.is - <http://bokasafn.fludir.is/>



Fótuaðgerðastofa Öddu Siggu

Miðfelli 2a

Tímappantanir í síma
867 6580



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum

Sími 861 9682



Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur

Axel

Sími 860 7073

Hrunamannavegur 3 keyptur

Sveitarstjórn hefur samþykkt að ganga frá kaupum á húsnæði að Hrunamannavegi 3, þar sem áður var Almar bakari. Er sú ákvörðun í fullu samræmi við samþykka fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Kaupverðið er 20.852.000,- og var það ákveðið um leið og kaupréttur var skrifaður inn í kaupsamning þegar sveitarfélagið keypti allt annað rými á neðri hæð Hrunamannavegar 3. Sveitarstjóra var á sama fundi falið að auglýsa umrætt húsnæði til leigu um leið og gengið hefur verið frá kaupunum. Húsnæðið er tilbúið til fjölbreyttrar starfsemi og því er það von sveitarstjórnar að áhugasamir rekstraraðilar sjái þar skemmtilega möguleika á rekstri.



Lóðir lausar til umsóknar við Loðmundartanga

Gatnagerð í Loðmundartanga er hafin í samræmi við ákvæði útboðs og ganga framkvæmdir vel. Það er fyrirtækið Gröfutækni sem er verktaki við framkvæmdina.

Um er að ræða lóðir fyrir 1x4 íbúða raðhús, 1x3 íbúða raðhús, 6 parhús og tvö einbýlishús eða 21 íbúð alls. Lóðirnar verða byggingahæfar í júlí/ágúst 2024.

Innst við götuna er eitt fimm íbúða raðhús sem gæti hentað afskaplega vel fyrir byggingu á vegum leigufélags sem væri rekið án hagnaðarsjónarmiða. Sveitarstjórn hefur samþykkt að kannaður verði vilji slíkra félaga til uppbyggingar á umræddri lóð og því verði hún ekki auglýst fyrr en niðurstaða fæst í þeim viðræðum.

Sjá nánar á fludir.is.



SUMAR 2024

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt sumarstörf fyrir háskóla-, iðn- og tækninema sumarið 2024.

Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á
landsvirkjun.is/sumarstorf

Hjónaball Hrunamanna

ÍPRÓTTAHÚSINU
FLÚÐUM

LAUGARDAGINN 2.MARS 2024

HÚSIÐ OPNAR 19:00 - SKEMMTUN HEFST 20:00

Forrétta- og aðalréttahlaðborð frá Veislubjónustu Hvíta hússins
Fjölbreytt skemmtiatriði
Barinn opinn!
Stuðlabandið heldur uppi stuðinu fram á nótt

Miðaverð 15.900.-

Miðapantanir berist á hjonaball@fludir.is. Vinsamlegast
sameinið ykkur um 8-10 manna borð og látið nöfn
borðfélaga fylgja pöntun.

Pöntun er staðfest með greiðslu inn á reikning 0325-26-
700535 kt. 640169-2309 og munið að senda kvittun á
hjonaball@fludir.is

Hlökkum til að sjá ykkur!
Hjónaballsnefndin 2024

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir (hruni@fludir.is)

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir (svanhildur@fludir.is)

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600

pesi@fludir.is

www.fludir.is